

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 20. maí 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir og Erla Jónsdóttir

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2008

a) Seinni umræða um ársreikning

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og B-hluta stofnana til síðari umræðu. Rekstrarniðurstaða samstæðu ársreikningsins sýnir 56,3 milljóna króna jákvæða niðurstöðu en það er 53,2 milljónum króna betri niðurstaða en endurskoðuð fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur samstæðu námu 429 milljónum króna. Skatttekjur sveitarsjóðs að meðtöldu framlagi jöfnunarsjóðs námu 361,5 milljónum. Rekstrargjöld samstæðunnar, án fjármagnsliða, námu 411 milljónum. Eigið fé samstæðunnar nam 1.062 milljónum í árslok. Skuldir og skuldbindingar námu 448 milljónum en þar af námu langtímaskuldir sveitarsjóðs 29 milljónum og lífeyrisskuldbindingar 84 milljónum. Í skýringum með ársreikningi kemur fram að laun og launatengd gjöld án breytinga á lífeyrisskuldbindingum námu 44,2% af rekstrartekjum. Rekstrargjöld án fjármagnsliða námu 95,8% af rekstrartekjum. Sveitarstjórn fór yfir ársreikninginn en samþykkti hann síðan og áritaði.

b) Endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar PwC lá fyrir fundinum. Í því eru gerðar ýmsar samantektir og fjallað um fjármál sveitarfélagsins og helstu lykiltölur ársreiknings. Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við endurskoðunarbréfið.

2. Ársreikningur Héraðsnefndar A-Hún.

a) Afgreiðsla ársreiknings.

Fyrir fundinum lá ársreikningur Héraðsnefndar A-Hún til umfjöllunar sveitarstjórnar. Tekjur samstæðu námu 60,8 milljónum og þar af námu framlög aðildarsveitarfélaga 43,2 milljónum. Rekstrargjöld samstæðu námu 72,4 milljónum og því var rekstrarniðurstaða neikvæð um 11,6 milljónir króna. Fjármunagjöld voru 564 þús. og niðurstaða ársins var neikvæð um 12,1 milljón króna. Með gerð ársreikningsins er bú héraðsnefndarinnar gert upp og gengið frá kostnaðar og eignaskiptingu milli héraðsnefndar og byggðasamlaga um einstaka málaflokka.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn en gerði ekki athugasemdir eða bókanir vegna hans og samþykkti hann fyrir sitt leyti.

b) Fundargerð skilanefndar Héraðsnefndar A-Hún, 6.05.2009.

Fundargerðin fjallar um ársreikning og frágang eigna og gagna héraðsnefndarinnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við fundargerðina.

3. Samningur um sorphirðu og rekstur gámastæðis

Fyrir fundinum lágu drög að verksamningi milli Sorphreinsunar Vilhelms Harðarsonar og sveitarfélagsins þar sem fjallað er um breytt rekstrarform sorphirðu og rekstur gámastæðis sem félagið hyggst byggja. Sveitarstjórn fjallaði um samninginn. Spurningar komu upp varðandi útfærslu samningsins. Ákveðið að afla frekari upplýsinga. Afgreiðslu frestað.

4. Samningur um Fræðasetur

a) Formleg afgreiðsla samningsins

Samningurinn sem hafði verið sendur sveitarstjórnarmönnum til kynningar var tekin til formlegrar afgreiðslu. Samningurinn var samþykktur eins og hann lá fyrir fundinum.

b) Skipun tveggja fulltrúa í stjórn og tveggja til vara.
Skipun fulltrúa í stjórn var frestað.

5. Fundargerðir:

a) Byggingarnefndar, 13.05.2009.

Fundargerðin var samþykkt utan þess að gerður er fyrirvari um 7. lið dagskrár. Óskað er frekari upplýsinga varðandi rif á síldarþróum.

b) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 4.05.2009.
Fundargerðin var samþykkt.

c) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 11.05.2009.
Fundargerðin var samþykkt.

d) Fræðslunefndar, 5.05.2009.
Fundargerðin var samþykkt.

e) Félags- og skólaþjónustu, 7.05.2009.
Fundargerðin var til kynningar.

f) Stjórnar SSNV, 3.04.2009.
Fundargerðin var til kynningar.

g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29.04.2009.
Fundargerðin var til kynningar.

h) Stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atv.mál, 29.04.2009.
Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál

- a) Sveitarstjórn samþykkir að standa fyrir sameiginlegu hreinsunaráttaki með íbúum og fyrirtækjum í Sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að útfæra verkefnið þannig að framkvæmd geti átt sér stað fyrir lok maímánaðar.

- b) Fyrning fiskveiðiheimilda

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir eftirfarandi ályktun:

Sjávarútvegur er ein undirstaða atvinnurekstrar á Skagaströnd. Áriðandi er að halda aflaheimildum í byggðarlaginu og standa vörð um störf. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir víðtækum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem munu hafa áhrif á afkomu þeirra sem starfa við sjávarútveginn. Sveitarstjórn varar við áformum um að fyrna aflaheimildir útgerða sem stefnir atvinnuöryggi og velferð íbúa Skagastrandar í mikla óvissu. Nauðsynlegt er að skapa vinnufrið um sjávarútveg með því að ná sátt um stjórn fiskveiða. Allar breytingar á fiskveiðistjórnun ber að gera með varúð og í samráði við hagsmunaaðila. Óvissa og illa ígrundaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu hafa strax neikvæð áhrif á samfélagið og gera má ráð fyrir að fyrirtæki muni halda að sér höndum varðandi uppbyggingu, viðhald og þróun rekstrar.

- c) Lagðir voru fram til kynningar ársreikningar Nes listamiðstöðvar ehf og Snorrabergs ehf.

- d) L-listinn óskar eftir að fá eftirfarandi bókað:

Fyrirhugaðar framkvæmdir við “tunnuna” á þaki og sökkli eru áætlaðar 8,2 millj. L-listinn óskar eftir að gert verði kostnaðarmat á endurgerð á öðrum hlutum hússins svo sem gólfí, veggjum og klæðningum að innan, áður en framkvæmdir hefjast.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12²⁰

Adolf H. Berndsen,

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson,

Sigríður Gestsdóttir

Erla Jónsdóttir